

Verkefni: Fræðslufundur Gígunnar 2007
Dagsetning fundar: 10. mars 2007
Tímasetning fundar: 13:00-14:30
Fundarstaður: Söngskólinn Domus Vox, Laugavegi 116, Reykjavík

Eftirtaldir aðildarkórar Gígunnar sendu fulltrúa til fræðslufundarins:

Freyjukórinn í Borgarfirði (Ásdís Helga Bjarnadóttir, Zsuzsanna Budai)
Gospelsystur Reykjavíkur (Linda Guðjónsdóttir, Stella Óladóttir)
Heklurnar (Erla Þorbjörnsdóttir, Unnur Sæmundsdóttir, Kristín I. Pálsdóttir)
Kvennakór Akureyrar (Helga Gunnlaugsdóttir)
Kvennakór Garðabæjar (Halldóra Viðarsdóttir, María Vilhjálmisdóttir, Daðína Friðriksdóttir)
Kvennakór Hafnarfjarðar (Sigrún Óskarsdóttir, Elísabet Kristinsdóttir, Inga L. Júlíusdóttir, Steiney Halldórsdóttir)
Kvennakór Kópavogs (Dröfn Eyjólfisdóttir, Jófríður Guðmundsdóttir)
Kvennakór Suðurnesja (Hildur Harðardóttir)
Kvennakórinn Ljósbrá (Olga M. Valsdóttir)
Kvennakórinn Ymur (Sigurey Lúðvíksdóttir, Hólmfríður Sigurðardóttir)
Kyrjurnar, Reykjavík (Valgerður Grímsdóttir, Inga J. Arnardóttir)
Vox feminae (Guðný Jónsdóttir, Heiða Gunnarsdóttir, Stella Óladóttir)



fyrirlesarar fundarins og formaður Gígunnar
Diddi fiðla, Margrét Bóasdóttir og Ásdís Helga Bjarnadóttir

Fundarefni og niðurstöður fundar:

Ásdís Helga Bjarnadóttir formaður Gígunnar setti fræðslufundinn og bauð fundargesti velkomna. Sérstaklega voru boðnir velkomnir fyrirlesararnir Sigurður Rúnar Jónsson (Diddi fiðla) og Margrét Bóasdóttir. Að þessu sinni var efni fræðslufundar Gígunnar upptaka á geisladiskum.



Margrét Bóasdóttir kom víða við í erindi sínu og sagði reynslusögur frá upptökum um það sem gekk vel en einnig frá atriðum sem miður fóru og fundarmenn gátu lært af. Hún fór yfir helstu lykilatriði þegar kemur að því að undirbúa plötuupptökur og einnig framkvæmd upptökunnar. Sjá helstu punkta frá Margréti hér fyrir neðan (þessum punktum var dreift á fundinum):

Lopasokkar og lykilatriði!

Undirbúningur og aðgerðir við plötuupptöku.

Nokkrar hugleiðingar út frá eigin reynslu.

Samsetning efnisskrár:

Hvers konar plata á þetta að verða; t.d. samsafn, þema
hvernig er lögum raðað á plötu;
tóntegundir, fjölbreytni s.s. hröð/hæg lög, þema
hvar eru bestu lögin sett – og hvar þau sem eru síst

Hvenær er góður upptökutími.

er kórinn búinn að syngja efnisskrána á tónleikum, einu sinni/oft,
aldrei er upptakan í beinu framhaldi af tónleikum/æfingum, eða látin
hvíla

Hve langan tíma þarf að áætla

Heill dagur – helgi – eitt og eitt kvöld
hve margar mínútur hvert lag
hvaða tímar dags eru bestir; morgun, eftirmiðdagur, kvöld
hve löng hlé þarf kór í upptökum

Hvað þarf að undirbúa f. upptökumann

allar nótur í ljósriti
e.t.v. listi með sérstökum atriðum sem gæta þarf að í lögnum
aðstaða á upptökustað
eftirvinnsla – tími og kostnaður

Hvað þarf að undirbúa fyrir kórinn

skór til skiptanna og lopasokkar! þægilegur fatnaður
stólar í nánd við söngpalla
vatn – ávextir – skipuleggja matartíma og hvað á að borða
nótur (skrjáf)

Hvernig þarf kórstjórinn að undirbúa sig

hlusta á upptökur af æfingum/tónleikum
meta hvað er mikilvægast að ná fram
vinna tímanlega t.d. skýrleika texta og styrkleikabreytingar
í hvaða röð eru lögin tekin upp – skipuleggja hverja session
hvaða staðir eru heppilegir til að stoppa
þarf aðstoðarhlustanda – hvern?

Hljóðfæri

er flygillinn stilltur
er nægilegt pláss fyrir hann og kórinn og önnur hljóðfæri

Umslag og upplýsingar

hver sér um hönnun
hvert er markmið með útliti plötunnar
hvaða upplýsingar eiga að vera/verða að vera

hver annast textavinnslu
hver skrifar greinar
hve mörg tungumál
hver gefur út /dreifir - kostir og gallar

Og hvað kostar svo allur pakinn?

Stefgjöld, skattar ofl.

Margrét Bóasdóttir.

fræðslufundur hjá Gígjunni, landssambandi kvennakóra, 10. mars 2007.

Í lokin gafst fundarmönnum færi á því að koma með spurningar til Margrétar og ýmis mál voru rædd.

Sigurður Rúnar Jónsson (Diddi fiðla) hefur starfað við upptökur frá 1980 og hefur mikla reynslu á því sviði, hann tekur upp allar tegundir tónlistar og vinnur mikið með kórum. Hann hefur gott tóneyra, les vel allar tegundir af nótum og getur "pródúserað" og leiðrétt kóra ef þess þarf. Diddi sér um að upptakan sé í lagi en stjórnandi kórsins sér um listræna stjórnun í upptökunum. Þarna á milli verða að vera skýr mörk og verkaskipting að hans mati. Diddi flutti erindi og stiklaði á þeim atriðum sem skipta máli þegar unnið er að undirbúningi upptöku geisladiska. Hér eru nokkrir punktar sem hann kom inná:



- Umfiðllun um hljóðbylgju, farið var yfir eðlisfræði hljóðsins og það hvað gerist í líkamanum við söng. Diddi teiknaði mikið af skýringarmyndum máli sínu til stuðnings.
- Eyrað, farið var yfir það hvernig eyrað starfar, útskýrð ferð hljóðsins í gegnum eyrað og yfirferð á öllum líffærum eyrans.
- Rið, umfiðllun um hraða hljóðs, staðsetningar kórs miðað við upptökutæki útskýrð og mikilvægi þess að velja rétt rými, talað um staðsetningu kórs miðað við flygil eða önnur hljóðfæri sem eiga að vera með í upptökunni.
- Hljómstyrkur, umræða um fyrir hvern og hvar er verið að syngja, ekki er eins sungið á tónleikum og í upptökum.
- Praktísk efni, fjallað um ýmis praktísk efni eins og t.d. ef illa gengur í upptökum, muna að koma með nótur fyrir upptökustjórnann, þagnir í upphafi og við lok á hverri töku eru mjög mikilvægar, fullkomin einbeiting listamanna er mjög mikilvæg, gott að hafa margar stuttar pásur, hafa skýra verkaskiptingu milli stjórnanda í tæknimálum og stjórnanda á kór.
- Uppröðun laga á disk, fara eftir tilfinningu, vera búin að ákveða fyrirfram en samt ekki vera hrædd við að gera breytingar.
- Tími, fjallað um á hvaða tíma er best að taka upp, hvað fer langur tími í upptökur, hvenær er best að byrja, á 20 tímum ætti að nást efni í eina plötu ef undirbúningur hefur verið góður.
- Frágangur á plötuumslagi, mjög mikill tími fer í þessi atriði, nauðsynlegt að vera t.d. búin að vinna alla textavinnu áður en upptökur hefjast. Stórar bækur með diskum þetta er að minnka var meira hérna áður fyrr, mikill kostnaður fylgir hönnun á plötuumslagi, nauðsynlegt er að láta einhvern hanna allt útlit eða að hafa yfirumsjón með því, vanda sig!
- Framleiðslan, Diddi getur aðstoðað við framleiðsluna, hann er með samning við fyrirtæki í Litháen sem vinnur vel og er ódýrt, reikna má með 10 dögum í framleiðslu, 4 dögum í flutning og 2 dögum í skrifstofuvinnu.
- Kostnaður, ýmis atriði reifuð í sambandi við kostnað, magn diska,

framleiðslukostnaður, pökkun, flutningskostnaður, skattar, tollar, stefgjöld, virðisaukaskattur, hönnunarkostnaður, leiga á húsnæði og tækjum, laun sérfræðinga o.m.fl.

Í lokin gafst fundarmönnum færi á því að koma með spurningar og ýmis mál voru rædd svo sem; upptökur með eða án áheyrenda, námskeið fyrir upptökustjóra, upptökur með einsöngvara, hvaða tónleikastaðir(kirkjur) eru bestir fyrir upptökur, hvaða húsnæði(kirkja) hefur gott upptökuorgel, tími í undirbúning áður en hægt er að taka upp þ.e. hvað tekur langan tíma að stilla öllum tækjum og tólum upp áður en hægt er að byrja, hvað kosta stillingar á hljóðfærum o.m.fl.

Í lok fræðslufundarins afhenti Ásdís Helga Bjarnadóttir formaður Gígunnar þeim Didda og Margréti blómvendi og þakkaði þeim fyrir.

Aðildarkórum Gígunnar er velkomið að hafa samband við Didda, netfang: [diddifidla\(hjá\)simnet.is](mailto:diddifidla(hjá)simnet.is) til þess að leita eftir tilboðum í upptökur á geisla-diskum.

Fræðslufundi slitið kl. 14:30

Ritari fundargerðar: Heiða Gunnarsdóttir.